

Sp.

124. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1968.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Það hefur verið venja undanfarandi ár, að fjárveitinganefnd hefur flutt sam-
eiginlega breytingartillögur við 2. umræðu fjárlagafrv. Hins vegar hafa einstakir
nefndarmenn haft óbundnar hendur um fylgi við þær, þó að flestar þeirra hafi haft
fylgi allra nefndarmanna. Ástæðan til þess, að frá þessu er nú horfið og meiri hluti
nefndarinnar flytur einn þessar tillögur, er þessi: Vegna breytingar þeirrar, sem
gerð var á skráðu gengi íslenzkrar krónu, varð að breyta öllu fjárlagafrv. frá því,
sem það var, er það var lagt fram við 1. umræðu. Breytingar vegna gengisfellingar

voru gerðar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og útreikningum, sem þau töldu að áhrif gengislækkunar hefðu í för með sér, en þær eru þessar:

1. Launaliðir eru hækkaðir um	3.39%
2. Viðhaldsliðir eru hækkaðir um	10%
3. Vextir af lánnum ríkissjóðs hækka þannig:	
Dollarasvæðið	32.6%
Dönsk lán	22.1%
Sterlingsvæðið	14.3%
Verðtryggð innlend lán hækka um	13.4%
Að öðru leyti óbreytt.	
4. Önnur rekstrargjöld hækka um	20%
5. Fjárfestingarliðir óbreyttir.	

Tekjum stofnana var yfirleitt ekki breytt. Fjárveiting til þeirra, er dveljast við nám erlendis, er hækkuð, svo að notagildi námslána og styrkja haldist. En annar hluti framfærslukostnaðar námsmanna hækkar að sjálfsgöðu verulega, og flytjum við sérstaka breytingartillögu um, að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

Hvort tveggja er, að sumar ákvarðanir stjórnvalda um fyrrnefndar breytingar, svo sem óbreyttar fjárveitingar í krónutölu til fjárfestingar, getum við ekki fallið á, og málið allt, þ. e. gengisbreytingin, er stjórnarathöfn, er í við minni hluta fjárveitinganefndar eigum ekki aðild að, og af þeirri ástæðu gátum við ekki átt aðild að flutningi breytingartillagna við fjárlagafrv., er leiddi af gengisbreytingunni.

Breytingartillögur þær, sem fjárveitinganefnd ákvað að gera við fjárlagafrv. nú við 2. umræðu þess umfram breytingartillögur þær, sem leiddi af gengisbreytingunni, eru fluttar með þeim eða felldar inn í þær, svo að af þeim ástæðum gátum við ekki verið aðilar að flutningi þeirra á þingskjali, þó að við stæðum að þeim flestum í fjárveitinganefnd og munum fylgja þeim, ef þær verða bornar undir atkvæði sérstaklega við afgreiðslu í þingsal.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umræðu, er að formi og allri gerð mjög breytt frá því, sem áður hefur verið. Er það í samræmi við ný lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi breyting gerir það að verkum, að samanburður við fyrri fjárlög er mjög erfiður. Hins vegar telur minni hl., að þetta form og breytingar, er af því leiðir, muni verða til bóta og gefa gleggri mynd af ríkisrekstrinum í heild en áður hefur verið. T. d. er það mjög til bóta að okkar dómi að taka inn í fjárlagafrv. hina fjölmörgu tekjustofna, sem hafa verið ákvarðaðir í vaxandi mæli með sérstökum lögum, án þess að Alþingi gerði sér grein fyrir, hversu háar fjárhæðir hér væri um að ræða í heild eða á annan hátt um notagildi þessa fjár.

Hagsýslustjóri hefur starfað með nefndinni, og hefur samstarf hans og nefndarinnar verið gott.

Þegar fjárlagafrv. er nú tekið til 2. umræðu, er mjög langt frá því, að hægt sé að gera sér grein fyrir því, hver raunveruleg afgreiðsla fjárlaganna kann að verða. Til þess skortir margt bæði í útgjalda- og tekjuhlið fjárlagafrv. Telur minni hlutinn ástæðu til að átelja sérstaklega þessa afgreiðsluhætti, sem mjög hafa orðið áberandi hin síðustu ár, þó að nú keyri alveg um þverbak.

Ekkert liggur fyrir um það nú frekar en var í fjárlagafrv., er það var lagt fram, hvort nokkurri krónu á að verja til nýrra skólabygginga eða eigi. Fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir því, og ekkert liggur fyrir um það enn þá, hvort meiri hl. fjárveitinganefndar sætti sig við það. Sömu sögu er að segja af öðrum fjárfestingarliðum. Eins og nú horfir, er gert ráð fyrir þeim flestum óbreyttum í krónutölu frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þrátt fyrir gengisbreytinguna. Að visu verður því ekki trúað, að þessari ákvörðun verði fylgt til þrautar, þótt nú horfi svo.

Þá liggur ekkert fyrir um það enn þá, hvað gengisbreytingin kann að hafa mikil áhrif á tekjuáætlun fjárlagafrv. Ljóst er þó, að tekjur ríkissjóðs hækka veru-

lega við gengisbreytinguna, og þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar, munu ekki hafa veruleg áhrif á greiðslujöfnuð frv. Afstaða minni hl. til tillögugerðar í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna getur því ekki legið fyrir fyrir en við 3. umræðu þess, af þeirri ástæðu, sem við höfum þegar greint.

Hins vegar vill minni hl. lýsa þeirri afstöðu sinni til afgreiðslu fjárlaga nú:

1. Að fjárveitingar til helztu fjárfestingarframkvæmda verði að framkvæmdamætti ekki minni en fjárlög 1967 gerðu ráð fyrir.
2. Að draga verði úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar svo sem auðið er með auknum tryggingum, sérstaklega til elli- og örorkulaunþega, stórra barnafjölskyldna, með lækun aðflutningsgjalda o. fl. Jafnframt sé að því stefnt með breytingu á aðflutningsgjöldum að hagræða þeim fyrir islenskan atvinnurekstur.
3. Að horfið verði frá fyrirhugaðri margföldun á mati fasteigna til eignarskatts. Með því er seilzt til tekjustofna sveitarfélaga. En ástæða væri til þess a. m. k. að hækka fasteignaskatt hjá þeim stofnunum, er hvorki greiða útsvar né aðstöðugjald til sveitarsjóða. Væri á þann hátt hægt að draga úr útsvarsbyrðinni í sveitarfélögum.
4. Að hert verði mjög á eftirliti og sparnaði í ríkiskerfinu. Sérstaklega verði spornað gegn útbenslu þess. Munum við leggja fram þingsályktunartillögu um sérstaka athugun á útbenslu ríkiskerfisins s. l. áratug og að á grundvelli þeirrar athugunar verði gerðar tillögur til úrbóta.

Við fjárlagaafgreiðslu síðustu ára hefur minni hl. varað við og leitt rök að því, til hvers mundi draga með þeirri útbenslu og eyðslu í ríkiskerfinu, sem ásamt stjórn- og skipulagsleysi í fjárfestingu hefur magnað í landinu dýrtið, sem grafið hefur grunninn undan afkomu atvinnuvega og viðskiptalífi landsmanna. T. d. vöktum við athygli á því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1967, að það væri með öllu óframkvæmanlegt að gera það tvennt samtímis: að koma á verðstöðvun og hækka fjárlög um einn milljarð. Við sýndum þá líka fram á, að ástand og horfur um afkomu atvinnuveganna væri mjög alvarlegt, þrátt fyrir góðari síðustu ára.

Hvað hefur reynslan sannað, síðan fjárlög voru afgreidd í desember 1966?

Verðstöðvun er afnumin, löggin gengin úr gildi og frumvarp að löggjöf, er átti að verða arftaki stöðvunarlaganna, hvílir á barmi ruslakörfunnar. Hætt var við niðurgreiðslur að fjárhæð yfir fjögur hundruð milljónir króna, áður en löggin gengu úr gildi, og verðhækkningar streyma inn í verðlagið daglega. Sérstakar ráðstafanir voru gerðar til aðstoðar við sjávarútveginn og fiskiðnaðinn eftir síðustu áramót og gengi islenskrar krónu fellt um 24.6% rúmum átta mánuðum síðar. Þrátt fyrir þessar aðgerðir allar eru enn þá uppi raddir meðal samtaka, a. m. k. eigenda hraðfrystihúsa, um, að ekki sé nóg að gert þeirri atvinnugrein til aðstoðar.

Þótt komið sé nú fram í desember og því nær einn þriðji hluti liðinn af verðlagsári landbúnaðarins, hefur verðlagsgrundvöllur að landbúnaðarvörum ekki enn þá verið ákveðinn.

Þegar þær staðreyndir, er við höfum minnt á í nefndaráli okkar hér að framan, eru hafðar í huga, verður það ljóst, að ekki var ofsagt, er við sögðum við afgreiðslu fjárlaga 1967, að verðstöðvun ætti sér ekki langa framtíð og vandamál atvinnuveganna væru óleyst.

Þá hefur það og gerzt á þessu hausti, að ríkisstjórnin hefur numið úr gildi lög um vísitöluuppbót á laun. Með þeirri ákvörðun hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta dýrtíðaröldu þá, er rísa mun af efnahagsráðstöfunum hennar, falla óbrotna á fólkinu í landinu, og mun það leiða til átaka á vinnumarkaðinum. Hins vegar sýnir ríkisstjórnin enga tilbúnaðar í ríkisrekstrinum eða samdráttar í ríkiskerfinu. Þar er útbenslan söm við sig. Nýtt sendiherraembætti var t. d. stofnað á yfirstandandi ári, þó að nógu mörg væru fyrir. Þá er áframhaldandi útbensla á kostnaði við álagningu skatta, þótt næg væri fyrir. Sömu sögu er að segja af kostn-

aði við dómsmál og lögreglustjórn. Fleiri dæmi mætti nefna um útpenslu í ríkiskerfinu, þó að það verði ekki gert frekar að þessu sinni. Aðeins skal á það minnt að mjög var það gagnrýnt af hálfu stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1967, hve útpensla ríkiskerfisins var mikil þá og beinlínis eyðsla í ríkisrekstrinum, þegar hvert embættið á fætur öðru fékk 30—50% hækkun á fjárhæð til rekstrar. Þessi framkvæmd sagði fljótlega til sín, þar sem um 750 milljónir króna vantaði til að ná endum saman að óbreyttum útgjöldum við undirbúning fjárlaga á s. l. hausti. Þó var ríkisstjórninni það nær skapi að lækka fjárveitingu til niðurgreiðslna á vöruverði og koma þannig af stað nýrri verðbóluskriðu heldur en gera tilraun til sparnaðar í ríkiskerfinu. Sýnir það svo greinilega sem verða má, að álögur á fólkið í landinu eru ríkisstjórninni nærtækari en sparnaður, þar sem ráð hennar eru mest.

Eins og fram kemur í nefndaráliti okkar hér að framan, er fjárlagaafgreiðsla svo óljós nú við 2. umr. fjárlagafrv., að ekki er ástæða til að ræða hana frekar að sinni, en þess heðið að sjá, hverjar verða tillögur ríkisstjórnarinnar um meðferð á fjármálum ríkisins nú eftir gengisbreytinguna.

Það skal þó að lokum tekið fram, að ekki spáir það góðu, sem gert hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, síðan gengisbreytingin var gerð. Segir okkur hugur um, að svo muni það einnig verða, er á eftir kemur.

Alþingi, 8. des. 1967.

Halldór E. Sigurðsson,
frsm.

Geir Gunnarsson.

Ágúst Þorvaldsson.

Ingvar Gíslason.